

Föstudaginn 19. desember 1947.

Nr. 79/1947. **Þorvaldur Stefánsson** (Hrl. Ragnar Jónsson)
gegn

**Bæjarfógetanum á Akureyri og fjármálaráð-
herra f. h. ríkissjóðs**

(Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Lögtaksmál. Ágreiningur um skyldu til greiðslu veltuskatts.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Eggerz, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1947. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að synjað verði um framkvæmd lögtaksins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með samningi, dags. 5. jan. og 2. febr. 1940, tókst áfrýjandi á hendur að selja benzín og bifreiðaoliu á Akureyri fyrir h/f Shell á Íslandi. Leggur h/f Shell til lóð og benzín-dælu með benzíngeymi og annast flutning á benzíni til geymisins. Hlítir áfrýjandi ákvörðunum h/f Shell um útsöluverð benzínsins og annast söluna gegn tiltekinni þóknun. Áfrýjandi ber hins vegar ábyrgð á birgðum þeim, er hann veitir viðtöku, og á skilvísri greiðslu á andvirði seldra vara. Þetta samband áfrýjanda og h/f Shell, sem nú hefur verið lýst, er með þeim hætti, að telja verður áfrýjanda starfsmann h/f Shell á Íslandi, að því er nefnda sölu varðar, en ekki sjálfstæðan umboðssala. Samkvæmt þessu var ekki heimilt að heimta af áfrýjanda veltuskatt þann, er í málinu greinir. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framkvæmd lögtaksins.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda

málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 1000.00.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi, bæjarfógetinn á Akureyri og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Þorvaldi Stefánssyni, málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 1000.00.

Úrskurður fógetaréttar Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu 2. júlí 1947.

Undir gerð þessari er krafizt lögtaks fyrir veltuskatti að upphæð kr. 2700.00, nl. kr. 1500.00 fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 1945 og kr. 1200.00 fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1945, hjá gerðarþola, Þorvaldi Stefánssyni, Akureyri.

Þar sem veltuskatturinn tilfellur ríkissjóði, fer innheimta fram vegna hans. Þegar skal tekið fram, að enginn ágreiningur er um upphæð skattsins, og gerðarþoli hefur fallið frá mótmælum byggðum á fyrningu lögtaksréttarins. Hins vegar hefur gerðarþoli mótmælt því, að lögtakið nái fram að ganga, og krefst málskostnaðar, kr. 500.00.

Gerðarþoli færir fram sem aðalástæðu fyrir sýknuninni, að hinn framlagði veltuskattsreikningur, rskj. nr. 1, hljóði á „Shell-benzíngeymir“, eign h/f Shell, og eigi því við þetta félag. Á þetta verður þó ekki fallizt, því Shell mun aðeins nefnt til þess að gefa til kynna samband félagsins við gerðarþola, en eins og fram hefur komið undir gerð þessari, er umrætt benzín frá h/f „Shell“.

Til vara tekur gerðarþoli fram, að veltuskattinn hefði átt að leggja á h/f Shell á Íslandi, því benzín það, er hér ræðir um og veltuskattur var lagður á, hafi tilheyrt atvinnurekstri „Shells“. Gerðarþoli kveðst aðeins leggja til vinnu, og fyrir þessa vinnu fái hann 5½ eyri fyrir hvern afhentan litra bensins. Gerðarþoli kveðst enga umboðsverzlun reka eða smásölu.

Þá upplýsir gerðarþoli, að vinnulaun hans fyrir benzín afhendingu árið 1945 hafi numið kr. 20346.15.

Áður en nánar er komið að þessum málsatvikum, skal tekið fram, að fram var lagður samningur í afriti, dags. 5. janúar 1940, milli h/f Shell og gerðarþola. Er þessi samningur allýtarlegur um réttindi og skyldur aðilja, en tekur auðvitað ekki til veltuskattsins, sem ekki var lagður á fyrr en með lögum nr. 62 frá marz 1945. Þar sem nú enginn viðbótarsamningur hefur, að því upplýst er, verið gerður milli aðilja út af gjöldum þeim, er kynnu að falla

á gerðarþola vegna veltuskattsins, þykir verða að leggja samninginn frá 5. janúar 1940 til grundvallar í þessu máli, og verður ekki annað séð en að um hreina umboðssölu sé að ræða samkvæmt orðalagi samningsins, sbr. t. d. orðin „Umboðsmaðurinn ber ábyrgð á þeim birgðum, er koma í hans verzlun til umboðssölu samkvæmt framan-sögðu ...“.

Þar sem samningurinn þannig ótvírætt bendir til umboðssölu, telur rétturinn, að það geti ekki ráðið úrslitum, þótt umboðslaunin séu miðuð við vissa auratölu af liter, en ekki hundraðshluta.

Eins og málið liggur fyrir, þykir auðsætt, að benzín það, er veltuskatturinn hefur verið lagður á, fellur ekki undir undanþáguákvæði í 2. gr. C reglugerðar um viðauka við reglugerð nr. 129 9. júlí 1945 um veltuskatt og er þannig veltuskattskyft. Og verður ekki annað séð en að skatturinn hafi með réttu verið lagður á gerðarþola samkvæmt ákvæðum í 2. gr. laga um veltuskatt, en þar heyrir undir veltu „andvirði vöru seldrar í umboðssölu“, og í 3. gr. lið 1 sömu laga er þess getið, að skatturinn megi aldrei fara yfir 25% af fengnum umboðslaunum, og þykir rétt í þessu sambandi að taka til athugunar þá varakröfu gerðarþola, að lögtak fari ekki fram hjá honum fyrir hærri upphæð en 1% af sölulauninum, kr. 20346.15, kr. 203.46, og telur gerðarþoli þessa upphæð veltuskatt, að því er séð verður. Rétturinn getur ekki fallizt á þessa varakröfu, þegar af þeirri ástæðu, að hann telur, að naumast sé eftir eðli og anda veltuskattslaganna unnt að leggja veltuskatt á sjálf umboðslaun gerðarþola.

Samkvæmt því, sem að framan er skráð, á lögtak að fara fram hjá gerðarþola fyrir kr. 2700.00 og kostnaði.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður. Mál þetta var tekið til úrskurðar 26. f. m.

Þvi úrskurðast:

Lögtak fari fram hjá gerðarþola, Þorvaldi Stefánssyni, Akureyri, fyrir kr. 2700.00 og kostnaði.

Málskostnaður fellur niður.